



Alþingi
Erindi nr. P 137/376
komudagur 24.6.2009

Nefndasvið Alþingis
berist umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10

Reykjavík, 23.06.2009
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum, 18. mál**

Að beiðni umhverfisnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum 18. mál.

Landsvirkjun styður tillöguna. Hafa verður í huga að íslenska ákvæðið gildir aðeins til ársins 2012 og fellur niður, ef ekki verður samið um það aftur eða annað sambærilegt ákvæði komi í staðinn. Íslendingar nota endurnýjanlega orku til að knýja orkufrek iðjuver. Viðbótarlosunarheimildir til Íslendinga eru þess vegna hluti af lausn loftslagsvandans, en ekki hluti af vandanum eins og stundum er haldið fram.

Hætt er við að samkeppnisstaða íslenskra orkufyrirtækja versni, ef finna þarf útstreymisheimildir erlendis fyrir orkufrekan iðnað hér á landi. Þar með dregur úr möguleikum þjóðarinnar til að nýta orkulindir sínar til atvinnuuppbyggingar og tekjuöflunar fyrir þjóðfélagið.

Stjórnvöld hljóta að sjá til þess að hér á landi verði nægar útstreymisheimildir fyrir fyrirtæki, sem þurfa á þeim að halda. Íslenska ákvæðið naut stuðnings alþjóðasamfélagsins, því að mikill skilningur var á því að nýta bæri endurnýjanlegar orkulindir landsins. Staða íslenskra stjórnvalda ætti því að vera sterk í þeim viðræðum sem eru hafnar um þá tilhögun er tekur við á árinu 2013.

Landsvirkjun er kunnugt um að Samorka hefur sent umsögn um málið ásamt öðrum samtökum í SA og vísar að öðru leyti til þeirrar umsagnar.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson
forstjóri

